

Lyf eða lyfja-samsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
----------------------------	---------------------------------------	--------------	------

Töflur.

Töflur:

Einstakur skammtur mest 500 mg. Mest 20 töflur handa einstaklingi. Áletrun: Venjulegur skammtur er 1—2 töflur í senn, mest 6 töflur á sólarhring handa fullorðnum við höfuðverk, tannverk, tíðaverk og sótthita af völdum in-flúensu eða kvefs. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 8 ára nema í samráði við lækni.

Börn 8—12 ára: ½ tafla mest þrisvar sinnum á sólarhring. Börn 12—16 ára: 1 tafla mest þrisvar sinnum á sólarhring. Lyfið má ekki nota, ef um lifarsjúkdóma er að ræða.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 49/1978 öðlast gildi 1. janúar 1983. Jafnframt fellur úr gildi 3. gr. reglugerðar nr. 752/1981 um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 291/1979.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. desember 1982.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.Ingolf J. Petersen.**REGLUGERÐ****um hækkun bóta almannatrygginga.**

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga skv. lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, annarra en tekjutryggingar og heimilisuppbótar skv. 19. gr., skulu hækka um 2.1% frá og með 1. janúar 1983 frá því sem þær voru í desember 1982.

2. gr.

Tekjutrygging skv. 19. gr. skal frá sama tíma hækka um 2.68% en heimilisuppbót um 4.5%.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 79. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. desember 1982.

Svavar Gestsson.Jón Ingimarsson.